

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 926/2015 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði.

#### 1. gr.

##### *Markmið.*

Markmið með innleiðingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1142 er að skilgreina kröfur um skírteini fyrir viðhaldsvotta sem sinna vottun á ELA1 flugvélum og á öðrum loftförum en þrylum og flugvélum, þar sem gildandi kröfur miðast við viðhald á flóknum loftförum og eru óþarflega íþyngjandi fyrir þessi loftför.

#### 2. gr.

##### *Innleiðing.*

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist stafliður d sem orðast svo:

- d. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1142 frá 14. ágúst 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar innleiðingu á tilteknum flokkum skírteina flugvéltækna, breytingu á ferlinu við viðurkenningu íhluta frá utanaðkomandi birgjum og breytingu á heimildum viðhaldskennslufyrirtækja, eins og hún er tekin upp í EES-samninginn sbr. ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar nr. 193/2019 frá 10. júlí 2019. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 58, frá 18. júlí 2019, bls. 99-154.

#### 3. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. mgr. 28. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 13. nóvember 2019.*

F. h. r.

**Sigurbergur Björnsson.**

*Ólafur Kr. Hjörleifsson.*